

Styrkir til atvinnumála kvenna



Árið 2005 er fjárveiting styrkja til atvinnumála kvenna kr 25 milljónir.

Tilgangur styrkveitinga er einkum:

- Vinnumarkaðsaðgerðir til að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna
- Efla atvinnulíf í dreifbýli og auka fjölbreytni í atvinnulífi
- Auðvelda aðgang kvenna að fjármagni

Allar konur hvaðanæva af landinu geta sótt um styrk. Sérstök áhersla er á verkefni frá fyrirtækjum og einstaklingum sem hyggja á samstarf (klasaverkefni) í þeim tilgangi til að bæta rekstrarskilyrði. Í umsókn verður að koma fram ávinningur af slíku samstarfi.

Mat umsókna

Umsóknir eru metnar af ráðgjafahópi félagsmálaráðherra. Matið byggist eingöngu á þeim gögnum sem umsækjandi leggur fram og er þá miðað við m.a.:

- Er verkefnið kvennaverkefni, í a.m.k. 50% eigu kvenna og stýrt af konum?
- Felur verkefnið í sér nýjung sem getur verið atvinnuskapandi?
- Eru markmið og verkátun skýr?
- Eru markaðsáætlanir skýrar og raunhæfar?
- Eru kostnaðar- og tekjuáætlanir trúverðugar?
- Er verkefnið arðbært?
- Hversu mikilvægur er styrkurinn til framgangs verkefnisins?

Veittir eru stofnstyrkir til tækja- og vélakaupa, þróunar og markaðssetningar.

Ekki eru veittir styrkir til verkefna þar sem styrkveiting gæti skekkt samkeppnisstöðu gagnvart aðila í hliðstæðum atvinnurekstri svæðisbundið.

Lögd er áhersla á nýsköpun og hún skilgreind út frá samkeppnisforsendum.

Vinnumálastofnun sér um útborgun styrkja og hefur eftirlit með ráðstöfun þeirra. Eingöngu verður tekið við umsóknum á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is.

Umsóknir

- Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á þar til gerð um eyðublöðum sem finna má á heimasíðu Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is

Upplýsingar veitir Margrét Kr. Gunnarsdóttir, Vinnumálastofnun sími 515 4800. Atvinnu- og iðnráðgjafar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni veita ráðgjöf og upplýsingar við gerð umsókna. Einnig er bent á þjónustu Impru nýsköpunarmiðstöðvar á sviði handleiðslu til frumkvöðla og fyrirtækja. Sjá nánar heima síðu Impru á slóðinni www.impra.is.

Umsóknarfrestur til 28. mars 2005

- Öllum umsóknum verður svarað skriflega.
- Mat umsókna getur tekið allt að 2 mánuði.
- Sé umbeðnum gögnum ekki skilað fyrir auglýstan um sóknarfrest og umsókn er ófullnægjandi, áskilur Vinnumálastofnun og ráðgjafahópurinn sér rétt til að hafna umsóknum á þeim forsendum.